

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 172/2019

frá 14. júní 2019

um breytingu á XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningsins“), einkum 98. gr., og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2394 frá 12. desember 2017 um samvinnu milli landsyfirvalda sem bera ábyrgð á að framfylgja lögum um neytendavernd og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 2006/2004 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð (ESB) 2017/2394 fellir úr gildi frá og með 17. janúar 2020, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2006/2004 ⁽²⁾, sem hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott úr samningnum frá og með 17. janúar 2020.
- 3) Samningsaðilarnir hafa það sameiginlega markmið að tryggja neytendavernd á háu stigi og er það sameiginlegur skilningur þeirra að upptaka reglugerðar (ESB) 2017/2394 í EES-samninginn leiði ekki til breytinga á skilgreiningunni á „viðtækt brot sem varðar hagsmuni Sambandsins“ (e. widespread infringement with a Union dimension). Af því leiðir að viðmiðunarmörk við ákvörðun á því hvort brot teljist varða hagsmuni Sambandsins verða alfarið reiknuð út á grundvelli aðildarríkja Evrópusambandsins sem brotið varðar án þess að tekið sé mið af EFTA-ríkjunum.
- 4) XIX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi kemur í stað texta liðar 7f (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2006/2004) í XIX. viðauka við EES-samninginn frá og með 17. janúar 2020:

„**32017 R 2394**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2394 frá 12. desember 2017 um samvinnu milli landsyfirvalda sem bera ábyrgð á að framfylgja lögum um neytendavernd og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 2006/2004 (Stjtið. ESB L 345, 27.12.2017, bls. 1).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Þrátt fyrir ákvæði bókunar 1 við samninginn skal ekki taka mið af yferráðasvæðum og íbúum EFTA-ríkjanna að því er varðar 4. mgr. 3. gr.
- b) Í 2. mgr. 10. gr. orðast „meginreglum sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi“, að því er varðar EFTA-ríkin, sem „grundvallarréttindum“.
- c) Í 1. mgr. 35. gr.:
 - i) orðunum „Eftirlitsstofnunar EFTA“ og „Eftirlitstofnun EFTA“ er bætt við á eftir orðunum „miðlægra tengiskrifstofa“ og „miðlægu tengiskrifstofurnar“.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 345, 27.12.2017, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 364, 9.12.2004, bls. 1.

- ii) eftirfarandi málsgrein er bætt við: „Eftirlitsstofnun EFTA skal hafa aðgang að upplýsingum sem EFTA-ríkin veita eða sem þau varðar.““

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2017/2394, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 15. júní 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 14. júní 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

* Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.